

SÓSÍALISTAFLOKKURINN

Efni: Spurningar til framboða stjórn mála flokka fyrir Alþingiskosningar 2021

1. Hversu mikla áherslu ætlið þið að leggja á réttindi barna og Barnasáttmálann, sem og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna ef þið komist til áhrifa?

Við leggjum mikla áherslu á að horfa út frá réttindum barna í starfi okkar. Í stefnu sósíalista er tekið fram að virða skuli allar alþjóðlegar mannréttindastefnur sem Ísland er aðili að og samþykkja hina ýmsu viðauka sem gerir yfirvöld raunverulega ábyrg og skyldar þau til að bregðast við óréttlæti.

2. Hvernig getur menntakerfið komið betur en nú, til móts við börn með mismunandi styrkleika og þarfir og stuðlað að fjölbreyttri menntun og kennsluaðferðum?

Mikilvægt er að menntun barna og ungmenna sé með öllu gjaldfrjáls sem og háskóla- og framhaldsnám á vegum hins opinbera og að skólamáltíðir á grunn- og framhaldsskólastigi séu gjaldfrjálsar til að tryggja að enginn upplifi svengd í skólanum. Einnig er mikilvægt að komið sé í veg fyrir stéttaskiptingu milli skóla og innan þeirra með aðgerðum til jöfnuðar. Tryggja verður að þeir efnaminni hafi sömu tækifæri og aðrir á öllum skólastigum. Yfirfara verður allt skólastigið og tryggja að ekkert þar leiði til aðgreiningar sem getur leitt til jaðarsetningar svo sem aðgreiningu fátækra og ríkra, fólks af ólíkum uppruna, á grundvelli fötlunar, aldurs eða kyngervis. Þá er mikilvægt að minnka aðstöðumun þeirra sem búa á landsbyggðinni til að stunda t.d. iðn- og verknám sem eingöngu er kennt á höfuðborgarsvæðinu með framboði á heimavist eða námsíbúðum (þetta á þá við um eldri börn á framhaldsskólastigi).

Við viljum að skólinn stuðli að vellíðan nemenda og starfsfólks með því að draga úr samkeppni innan skólaumhverfisins og tryggja smærri hópa í námi. Þannig er hægt að taka einstaklingsmiðaðri nálgun. Við teljum að leggja þurfi meiri áhersla á samkennd, vellíðan og samvinnu en minni á samkeppni og um þetta er fjallað í stefnu okkar í menntamálum, þar tókum við fram að samræmd próf verði gerð valkvæð í grunnskólum og að þarft sé að takmarka heimanám. Innan skólanna er mikilvægt að sálfræðingar séu starfandi innan allra skóla og að nemendur geti leitað til þeirra milliliðalaust.

3. Hvernig ætlið þið að tryggja að þjónusta við börn verði ekki skorin niður í kjölfar Covid19?

Efla þarf velferðar-, heilbrigðis- og skólaþjónustu til að vinna gegn biðlistum og tryggja að þjónustan verði gjaldfrjáls. Styrkja þarf þessi opinberu kerfi okkar sem sjá um að veita þessa þjónustu og tryggja að þau hafi nægilegt fjármagn til þess. Sameiginlegir sjóðir eiga að standa undir greiðslu þessara grunnþjónustu og þar telja sósíalistar breytinga þörf á skattinnheimtu. Þar þarf m.a. að skattleggja fjármagnstekjur eins og launatekjur. Sé t.a.m. litið til útsvars, þá bera fjármagnstekjur ekkert útsvar ólíkt launatekjum og útsvar er stór tekjuliður hjá sveitarfélögum sem sinna nærþjónustu við börn.

Börn hafa engar tekjur og því ætti ekki að leggja á þau gjöld vegna heilbrigðisþjónustu, menntunar, tómsunda, samgangna eða annars sem flokka má undir þjónustu sem öll börn eiga rétt á.

Í þeim tilfellum sem börn treysta á þjónustu sem getur í einhverjum tilfellum ekki farið fram vegna fjarlægðatakmarkanna af völdum Covid19 er mikilvægt að taka upp tæknilausnir. Þá er einnig mikilvægt í þessu samhengi að nefna sósíalíska byggðastefnu sem miðar að því að færa þjónustu út í byggðirnar þar sem hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar um skilvirkni og samþjöppun hefur leitt til þess að fólk getur ekki treyst á þjónustu í sínu nærumhverfi. Tryggja þarf að börn geti sótt sér þjónustu þar sem þeim hentar, í stað þess að þau þurfi að ferðast langar vegalengdir og það má ekki verða þróunin eftir Covid19 að þjónustustofnanir sameinist eða leggist niður með slæmum afleiðingum fyrir börn og barnafjölskyldur.

4. Hvaða leiðir ætlið þið að fara til að stytta biðlista og greiningaferli eftir þjónustu t.d. fyrir fötluð börn og börn með geðrænan vanda?

Auka þarf fjármagn til heilbrigðiskerfisins í heild sinni til að stytta biðlista og greiningaferli eftir þjónustu. Sósíalistar vilja að á Íslandi verði gjaldfrjáls heilbrigðisþjónusta sem er rekin af skattfé borgaranna. Geðheilbrigðisþjónustu þarf að efla innan spítala og á heilsugæslu sem og neyðarúrræði fyrir börn og unglínga með geðrænan vanda. Skólar á öllum menntastigum skulu hafa aðgang að geðheilbrigðisstarfsfólki í gegnum heilsugæsluna. Einnig teljum við mikilvægt í þessu samhengi að heilsugæslur bjóði upp á þjónustu fagfólks sem haldi utan um réttindamál og aðstoði fólk við að sækja rétt sinn og vísi því veginn innan heilbrigðis- og almannatryggingakerfisins.

5. Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að framfylgja þeim kerfisbreytingum sem barnamálaráðherra hefur sett af stað og nýta þær?

Að tryggja að kerfin sem hafa það hlutverk að þjóna börnum, tali saman þannig að ekki sé litið fram hjá þörfum barna og að börn og barnafjölskyldur þurfi ekki að bera sig eftir stuðningi sem þau eiga rétt á. Jákvætt er að sjá að unnið sé að því að tryggja samþættingu á þjónustu er varðar börn en eftir stendur að börn mæta því miður oft mörgum lokuðum dyrum hvað varðar efnahagslegt réttlæti, réttinn til öruggs húsnæðis og mörg börn búa við skort á tómstundastarfi svo dæmi séu nefnd. Á sama tíma og kerfisbreytingar eru innleiddar, þarf að rýna þær með stéttavinkli og öðrum fjölbreyttum félagslegum áherslum til að tryggja að ekki sé litið fram hjá þörfum neinna barna.

6. Hvernig getur Ísland verið í fremstu röð í þróunarsamvinnu?

Í stefnu okkar í utanríkismálum fjöllum við um þetta mikilvæga mál og og tökum fram að Ísland er ríkt samfélag og skal taka ríkulegan þátt í þróunarsamvinnuverkefnum, huga sérstaklega að félagslegri uppbyggingu, réttindabaráttu hinna kúguðu og stuðning við hina fátækustu samhliða stuðningi varðandi tækni og nýsköpun. Markmið Íslands í utanríkismálum á að snúast um að gera heiminn allan að betri stað. Þróunarsamvinnuverkefni Íslands skulu miða að sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti og jöfnuði í þeim ríkjum sem um ræði.

7. Hvaða leiðir teljið þið að þurfi að fara til að efla þátttöku barna í öllum ákvörðunum sem þau varða og til að koma í veg fyrir að börnum sé mismunað á grundvelli mismunandi menningarbakgrunns, fjárhagsstöðu foreldra og fleira?

„Ekkert um okkar án okkar“ er leiðarstefið í vinnu okkar og það á við hér. Mikilvægt er að taka upp samvinnu við börn í ákvörðunum er varða þau og miða það út frá stéttavinkli og fjölbreytileika. Þar er mikilvægt að skoða hvernig þættir eins og efnahagsleg staða, uppruni, hinseginleiki og/eða fötlun móta veruleika barna.

Tryggja þarf jöfnuð sem er lykilinn að lýðræðislegu samfélagi og slíkt er gert með því að hið opinbera sjái til þess að allir séu með viðunandi lífsskilyrði, kjör, menntun og aðgang að heilbrigðisþjónustu. Við teljum einnig mikilvægt að lýðræðismál séu hluti af grunnmenntun og til að auka lýðræðislega þátttöku og skilning á mikilvægi þess, þarf skólakerfið að veita nemendum strax í grunnskóla fræðslu og þjálfun í verki við lýðræðislega stjórnarhætti og vinnubrögð.

8. Hvernig á að/ætla flokkurinn að minnka áhrif loftslagsbreytinga og þannig tryggja velferð barna og framtíð þeirra?

Taka þarf völdin af auðvaldinu fjarlægja það frá borði ákvarðana þar sem eyðilegging náttúru af mannavöldum, loftslagsbreytingar og mengun eru afleiðing kapítalismans. Mikilvægt er að byggja upp vettvang fyrir þátttöku almennings, sveitarfélaga, samvinnufélaga, almennasamtaka og einstaklinga fyrir hugmyndir, lausnir, aðgerðir og framkvæmd í þessum málaflokki. Við leggjum áherslu á að öll loftslagsumbreyting verði gerð á forsendum hagsmuna almennings og umhverfisins, til lengri og skemmri tíma. Lífsgæði almennings verði leiðarljós allra loftslagsaðgerða, ekki hagnaðarkrafa fyrirtækjaeigenda.

Við viljum að auknar kröfur verði settar á fyrirtæki um hraðari endurnýjun og úreldingu eldri ökutækja, dregið verði úr álögum á eldsneyti þar sem mörg heimili eiga engan annan kost um sinn en að styðjast við ökutæki sem eru knúin mengandi orkugjöfum. Fara þarf sanngjarnari en í senn hraðari leið í orkuskiptum og tryggja grænar samgöngur milli landshluta. Stórbæta þarf almenningsamgöngur milli landshluta og tíðari rútsamgöngur. Við leggjum áherslu á að leiðanet verði þétt og byggt upp í samráði við mikilvægustu notendur þess, fólkið í landinu. Þá nefnum við einnig mikilvægi græns hagkerfis sem kalla má: „Ný græn gjöf“, slíkt er hluti atvinnuframboðstryggingar þar sem allir sem geta og vilja, fá störf í skógrækt og uppbyggingu íslensku skógarauðlindarinnar. Bændur sem geta og vilja draga úr sauðfjárrækt, munu ganga að rausnarlegu styrkjakerfi sem aðstoðar landeigendur við að hefja græna verðmætasköpun í nýjum greinum, þ.á.m. skógrækt.

Við höfum einnig lagt fram stefnu í umhverfis- og loftslagsmálum með þáttum sem varða mikilvægi þess að horfið sé frá kapítalísku hagkerfi og leiðum nýfrjálshyggjunnar til að takast á við umhverfismál og að fundnar verði heildrænar lausnir þar sem ábyrgðin og áherslan er fyrst og fremst sett á ríki, sveitarfélög og fyrirtæki. Líta þarf á umhverfis- og loftslagsmál sem mannúðarmál er varðar réttindi komandi kynslóða til lífs. Það skal því vera skylda stjórnvalda að vernda náttúru og lífríki og löggjafinn nýttur til þessa í hvívetna. Lýsa þarf yfir neyðarástandi í loftslagsmálum þar sem íslensk yfirvöld bregðist við þeim vanda hratt og örugglega og í samvinnu við umheiminn.